

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 23/1960. **Oliuverzlun Íslands h/f**
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
bæjarsjóði Neskaupstaðar.
 (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Magnús P. Torfason prófessor.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sama mán. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, bæjarsjóði Neskaupstaðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Torfasonar prófessors.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var með

dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 27. marz 1958, úr því skor-
ið, að áfrýjandi væri útsvarsskyldur í Neskaupstað árið
1954 samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr.
59/1947, vegna samskipta sinna við Olíusamlag útvegs-
manna í Neskaupstað á þeim tíma, er hér skiptir máli.
Verður því eigi talið, að ólöglegt hafi verið af niðurjöfn-
unarnefnd Neskaupstaðar, er hún hinn 30. júlí 1958 lagði
að nýju útsvar á áfrýjanda fyrir árið 1954, að leggja út-
svar þetta á olíusölu hans til Olíusamlagsins.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskot-
un til forsendna hins áfrýjanda úrskurðar er ég samþykkur
atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1959.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 26. f. m., hefur
gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, krafizt lögtaks hjá
gerðarþola, Olíuverzlun Íslands h.f., til tryggingar álögðu og
ógreiddu útsvari gerðarþola til bæjarsjóðs Neskaupstaðar fyrir
árið 1954, að upphæð kr. 9000.00.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hið umbeðna lögtak
verði látið fram fara fyrir framangreindri upphæð ásamt lög-
mætum dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og öllum
kostnaði við hina umbeðnu lögtaksgerð, þar á meðal kostnaði
við eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Enn fremur, að sér verði
úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir hins vegar þær réttarkröfur, að synjað verði
um framgang hins umbeðna lögtaks og að sér verði úrskurð-
aður málskostnaður að mati réttarins.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir útsvörum, álögðum í Nes-
kaupstað á árinu 1958, var kveðinn upp hinn 4. september 1958
og birtur í blöðum bæjarins.

Mál þetta var þingfest hinn 27. júní s.l. og tekið til úrskurð-
ar hinn 26. f. m., að afloknum munnlegum málflutningi.

Málavextir eru þessir:

Á fundi niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar hinn 30. júlí
1958 var tekið til endurnýjaðrar álagningar útsvar gerðarþola
fyrir árið 1954, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn
28. marz 1958, hafði verið hrundið lögtaksbeiðni gerðarbeiðanda
á hendur gerðarþola fyrir álögðu útsvari hans í Neskaupstað

fyrir árið 1954. Hafði Hæstiréttur komið að þeirri niðurstöðu, að gerðarþoli væri ekki útsvarsskyldur af vörusölu til Rafveitu Neskaupstaðar og Pöntunarfélags alþýðu, en hins vegar væri þannig háttáð samskiptum gerðarþola og Olíusamlags útvegs- manna í Neskaupstað, að telja verði, að gerðarþoli reki slíka at- vinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyld- ur af þeim rekstri á þeim tíma, sem máli skipti í máli því, er um var fjallað, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Hins vegar væri á það að líta, að útsvar það, er um væri deilt í málinu, hafi verið lagt á alla sölu gerðarþola á olíu- vörum til Neskaupstaðar, væri því útsvarið ólöglega á lagt og því bæri að synja um framgang lögtaksins.

Með hliðsjón af þessum dómi Hæstaréttar taldi niðurjöfnunar- nefnd tvímælaust, að gerðarþoli væri útsvarsskyldur af við- skiptum sínum við Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað. Tók hún því málið upp að nýju á framangreindum fundi sínum og segir m. a. svo um það í gerðabók nefndarinnar:

„Árið 1954 var lagt 20 þús. kr. útsvar á O. Í. Er það lagt á sem næst 670 þús. kr. áætlaða vörusölu. Reikningar O. Ú. N. bera það hins vegar með sér, að það hefur á árinu 1953 keypt olíu- vörur fyrir um 600 þús. kr. Með hliðsjón af því, að samningur O. Í. og O. Ú. N. kveður svo á, að hinum síðarnefnda sé óheimilt að kaupa olíur og olíuvörur af öðrum en hinum fyrrnefnda, þykir mega líta svo á, að allar þessar vörur séu keyptar af O. Í.

Samkvæmt álagningarreglum niðurjöfnunarnefndar fyrir árið 1954 er veltuútsvar á olíuverzlanir 3%. Samkvæmt því ber Olíu- verzlan Íslands h.f. að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Neskaup- staðar árið 1954 kr. 18.000.00, sem er 3% af vörusölu hennar til Olíusamlags útvegsmanna árið 1953“.

Þessari álagningu vildi gerðarþoli ekki una og kærði hana því til niðurjöfnunarnefndar, sbr. dskj. nr. 31, en nefndin úrskurðaði, að útsvarið skyldi óbreytt standa, dskj. nr. 32. Gerðarþoli kærði þá til yfirsattanefndar, dskj. nr. 33, en hún staðfesti úrskurð niðurjöfnunarnefndar, dskj. nr. 34. Gerðarþoli kærði þá til Ríkis- skattanefndar, er lækkaði útsvarið í kr. 9000.00, dskj. nr. 5, en í úrskurði nefndarinnar segir m. a. svo:

„... Má segja, að mál út af útsvari þessa árs hafi verið rekið fyrir skattanefndum og dómstólum með eðlilegum hraða, enda brýtur álagning niðurjöfnunarnefndar ekki í bága við 2. mgr. 24. gr. útsvarslaganna. Hæstiréttur hefur haft þann hátt á að synja um framgang lögtaks fyrir útsvörum, sem ekki eru að öllu

leyti lögð á löglega útsvarstofna. Getur því svo farið, að dómstólar dæmi ólögmæt útsvör, sem að mestu leyti eru löglega á lögð. Auðsætt er, að slík endanleg meðferð samrýmist ekki niðurjöfnun „eftir efnum og ástæðum“. Þykir því eftir atvikum ekki þurfa að fella úr gildi útsvarsálagninguna frá 30. júlí 1958 og úrskurð yfirs kattanevndar frá 30. september s. á., hvað snertir útsvar fyrir gjaldárið 1954, heldur mega taka málið til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir ákvæði 21. og 25. gr. útsvarslaganna.

Með hliðsjón af því, að lagt er á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna, og með hliðsjón af áætlaðri sölu Olíuverzlunar Íslands h.f. til nefnds félags þykir mega lækka útsvar gjaldársins 1954 úr kr. 18.000.00 í kr. 9000.00“.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að með dómi Hæstaréttar 27. marz 1958 sé því slegið föstu, að gerðarþoli sé útsvarskyldur í Neskaupstað á árinu 1954 af sölu og viðskiptum við Olíusamlag útvegsmanna, enda þótt þar umdeild útsvarsálagning væri ólögleg, þar eð lagt hefði verið í einu lagi á fleiri og ólöglega gjaldstofna. Sé því sú útsvarsálagning, sem hér er deilt um, tvímælalaust heimil, þar sem nú sé eingöngu lagt á löglegan gjaldstofn.

Mótmælt er þeirri viðbáru gerðarþola, að hið álagða útsvar sé lagt á alla vörusölu eða vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, sem talin var kr. 600.000.00, eða 3% þar af, en Olíusamlagið hafi hins vegar keypt olíuvörur af öðrum en gerðarþola, nefnilega Shell h.f. ca 35% af öllum keyptum olíuvörum. Mótmælin eru studd eftirfarandi rökum:

Samkvæmt samningi gerðarþola við Olíusamlag útvegsmanna sé tekið fram, að Olíusamlagið megi ekki kaupa olíur frá öðrum aðiljum en gerðarþola. Komi það fram í áðurgreindum dómi Hæstaréttar og enn fremur sé skírskotað til þessa atriðis í bókum niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar um hina nýju útsvarsálagningu á veltu gerðarþola 1953, dskj. nr. 4.

Gerðarþoli hafi kært útsvarið alla leið upp í Ríkisskattanevnd og hafi í engri af kærnum sínum gert athugasemd við hina áætluðu veltu í Neskaupstað eða upplýst, að veltan væri önnur eða minni en sú, sem lagt var á, enda reynist veltan nú, þegar gerðarþoli loks upplýsir, hver hún sé, vera mjög svipuð því, sem skattanevndir áætluðu, eða um kr. 510 þúsund, sbr. dskj. 9—29.

Ríkisskattanevnd hafi fellt úrskurð um útsvarið, talið það löglega á lagt, en lækkað það í kr. 9000.00 með hliðsjón af áætlaðri sölu gerðarþola til Olíusamlags útvegsmanna.

Loks sé ljóst af dskj. nr. 35, vottorði Ríkisskattanevndar, að við álagningu útsvars á gerðarþola í Reykjavík sé ekki tekin með sú velta, sem lagt sé á hjá gerðarþola á ýmsum stöðum úti á landi. Af því leiði, að gerðarþoli hafi fengið útsvarsfrádrátt í Reykjavík, sem svári veltuútsvari samkvæmt skala þar, af milli 600 og 700 þúsund krónum.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að með hliðsjón af áðurgreindum dómi Hæstaréttar sé ljóst, að útsvar þetta sé ólöglega álagt. Lagt sé á öll vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, en upplýst sé, að Olíusamlagið hafi einnig keypt olíuvörur af öðrum aðiljum, svo sem h.f. Shell, og séu aðeins 65% af olíukaupum Olíusamlagsins frá gerðarþola runnin. Sé því útsvar þetta enn lagt á ranga gjaldstofna og þegar af þeirri ástæðu ólöglega álagt.

Úrskurð Ríkisskattanevndar á dskj. nr. 5 telur gerðarþoli rangan og byggðan á röngum forsendum og færir fyrir þeirri staðhæfingu eftirfarandi rök:

Það sé misskilningur hjá Ríkisskattanevnd, að útsvar það, sem lagt hafi verið á 30. júlí 1958 í Neskaupstað, hafi verið lagt á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna, heldur sé greinilega tekið fram, að útsvar þetta sé lagt á innkaup Olíusamlagsins frá gerðarþola. Sé það ljóst af bókum niðurrjöfnunarnevndar á dskj. nr. 4.

Ríkisskattanevnd hafi lækkað hið álagða útsvar úr kr. 18.000.00 niður í kr. 9000.00 með hliðsjón af því, að lagt sé á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna og með hliðsjón af áætlaðri sölu gerðarþola til nefnds félags. Ekki sé nánar tilgreint, á hvern hátt útsvar þetta sé álagt, hvort heldur hinn samþykkti skalj fyrir veltuútsvar á olíuverzlanir í Neskaupstað, sem upplýst sé að hafi verið 3%, hafi verið lækkaður af Ríkisskattanevnd niður í 1½%, eða hvort nefndin hafi litið svo á, að gerðarþoli hafi selt helming af olíusölu Olíusamlagsins eða olíuinnkaupum þess, en ekki virðist ástæða til að ætla, að útsvari þessu sé skipt milli þessara tveggja aðilja, Olíusamlagsins og gerðarþola, með því að Olíusamlagið hafi á árinu 1954 þegar greitt kr. 15.000.00 í útsvar til bæjarsjóðs Neskaupstaðar.

Þá er því og haldið fram af hálfu gerðarþola, að áðurgreindur dómur Hæstaréttar verði ekki skilinn á annan veg en að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Neskaupstað af þeim tekjum, sem ætla mætti, að hann hefði af olíustöð þeirri, er hann hefur afnotarétt af í Neskaupstað, en hefur eftirlátið Olíusamlagi út-

vegsmanna til afnota. Hafi sú túlkun á dóminum fulla stoð í þeirri staðreynd, að í dóminum sé m. a. gengið út frá því, að olíuvörur þær, er gerðarþoli lætur Olíusamlaginu í té, verði eign samlagsins, þegar er þær eru komnar á geyma í Neskaupstað. Niðurjöfnunarnefnd hafi hins vegar alls ekki lagt hið umdeilda útsvar á áætlaðar tekjur af olíustöð þessari, heldur á vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, er hún hafi gengið ranglega út frá, að væru einungis við gerðarþola. Sé því útsvarið tvímælalaust ólöglegt, þar sem það sé lagt á rangan gjaldstofn. Loks er á það lögð áherzla af gerðarþola, að Olíusamlag útvegsmanna hafi greitt útsvar af vörusölu þeirri, er það hafði með höndum í Neskaupstað á því ári, er hér skiptir máli, en þær upplýsingar telur hann að hafi skort í málum þeim, er rekin voru út af hinn fyrri útsvarsálagningu.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 27. marz 1958, er því slegið föstu, að samskiptum gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað hafi á árinu 1953 verið þannig háttað, að telja verði, að gerðarþoli hafi rekið slíka atvinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyldur af þeim rekstri, á þeim tíma er þar skipti máli, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947.

Með hliðsjón af því telur rétturinn, að útsvarsálagning sú, er deilt er um í máli þessu, sé í alla staði lögleg, ef ekki kemur annað til.

Enginn ágreiningur er um það í málinu, að mál út af fyrri útsvarsálagningu á gerðarþola, er um fjallar í áðurgreindum dómi Hæstaréttar, hafi verið rekið fyrir skattaneftum og dómstólum með hæfilegum hraða, og er því réttmæti þeirrar nýju útsvarsálagningar, er hér um ræðir, ekki vefengt af þeim sökum.

Það er upplýst í málinu, að um veltuútsvar er að ræða og að upphaflega er miðað við ca 600 þúsund króna veltu og útsvar samkvæmt því ákveðið kr. 18.000.00. Það er enn fremur upplýst í málinu, að Ríkisskattaneftnd hefur lækkað útsvarið niður í kr. 9000.00. Af dómsskjöllum nr. 9—29 er það hins vegar ljóst, að vörusala gerðarþola til Olíusamlags útvegsmanna er um kr. 510.000.00, og er því veltuútsvar það, kr. 9000.00, sem hér er deilt um, ekki of hátt ákveðið samkvæmt álagningarreglum niðurjöfnunarneftndar, enda er því ekki borið við af gerðarþola. Enn er það upplýst í málinu af dómsskjali nr. 35, vottorði Ríkisskattaneftndar, að ekki hefur verið lagt útsvar á gerðarþola hér

í Reykjavík á veltu hans af þeim vörum, er hann hefur selt Olíusamlagi útvegsmanna í Neskaupstað á því ári, er hér skiptir máli.

Með hliðsjón af því, er rakið hefur verið hér að framan, fær rétturinn ekki séð, að nokkrir þeir gallar séu á útsvarsálagningu þeirri, er hér er um deilt, að varðað geti ógildingu hennar. Niðurstaða réttarins verður því sú, að hið umbeðna lögtak skuli fram fara.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 213/1960. **Valdstjórnin**

gegn

Hauki Hvannberg

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Sakborningi synjað um brottför úr lögsagnarumdæmi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 3. desember þ. á., sem hingað barst 8. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum verði heimiluð brottför úr landi til lækninga um takmarkaðan tíma, þó eigi skemur en þrjá mánuði.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.